

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um fjárhagslega stöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Er til yfirlit yfir fjárhagsstöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu, þ.m.t. aðila sem bjóða upp á gistingu og afþreyingu fyrir ferðamenn? Ef svo er, hvernig er fjárhagsstaða fyrirtækjanna, sundurliðað eftir landsvæðum og greinum ferðaþjónustunnar?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að gerð verði vönduð úttekt á þessum málum?
3. Kemur til greina að ríkisvaldið beiti sér fyrir endurfjármögnun og skuldbreytingum í ferðaþjónustunni til að styrkja atvinnugreinina?